

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 4/2023

2023/EES/75/04

frá 3. febrúar 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1398 frá 8. júní 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 til að taka tillit til tækniframfara og þróunar á sviði reglusetningar að því er varðar breytingar á reglugerðum um ökutæki sem hafa verið samþykktar innan ramma efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 52. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32022 R 1398:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1398 frá 8. júní 2022 (Stjtið. ESB L 213, 16.8.2022, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1398, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2022 frá 18. mars 2022 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 213, 16.8.2022, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 182, 7.7.2022, bls. 27 og EES-viðbætur nr. 45, 7.7.2022, bls. 15.